

# Vísindanefnd

Umfangsmikill hluti starfsemi vísindanefndar sneri að Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Unnið var úr umsóknum og úthlutað úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2014 veturinn 2013. Á vegum vísindanefndar starfa sjálfstæð fagráð sem skipuð eru þremur til fimm fulltrúum hvert. Hlutverk fagráða er að annast faglegt mat og forgangs röðun á umsóknum í Rannsóknasjóð Háskóla Íslands, Doktorssjóð Rannsóknasjóðs og Háskólasjóð Eimskipafélagsins. Faglegt mat og forgangs röðun fagráða skal byggjast á forsendum og viðmiðum sem vísindanefnd háskólaráðs setur. Fagráðin meta allar umsóknir á sínu fagsviði. Samræming og lokafrágangur úthlutunar er síðan í höndum vísindanefndar.

Við úthlutun fyrir 2014 var unnið samkvæmt breyttum viðmiðum og samræming á mati á verkefnum og ritvirkni umsækjenda var aukin. Lögð var áhersla á að styrkja sem mest þau verkefni sem líklegust þykja til árangurs vegna vísindagildis og virkni umsækjanda. Auk þess var veitt auka fjárveiting til sjóðsins til þess að styðja við unga vísindamenn. Umsóknir í sjóðinn voru 249 og alls voru 223 verkefni styrkt. Alls var úthlutað um 240 m.kr. úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2014. Hver styrkur nam að meðaltali 1.073 þús.kr. (sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð). Einnig voru veittir styrkir til ráðstefnuferða stúdenta í doktorsnámi. Unnt var að styrkja 32 doktorsnema úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði, einnig fékk einn styrk úr sjóði Isavia og einn úr Hvítblæðissjóði Ásrúnar Einarsdóttur. Í ár voru umsóknir alls 157 (sjá nánar kafla um doktorsstyrki). Faglegt mat á umsóknum var, samkvæmt reglum, í höndum vísindanefndar og fagráða hennar. Var umsóknum forgangsraðað eftir vísindalegu gildi verkefnis, vísindalegri hæfni leiðbeinenda og náms- og rannsókniferli stúdents.

Önnur verkefni vísindanefndar á árinu lutu aðallega að áframhaldandi endurskoðun á Rannsóknasjóði og breyttu fyrirkomulagi varðandi umsóknir, styrkveitingar og úrvinnslu. Einnig var hafin vinna við að skerpa á áherslum um mat á umsóknum um doktorsstyrki.

## Skipan vísindanefndar

Þann 1. júlí 2013 var ný vísindanefnd skipuð og mun hún sitja þar til í október 2014. Nefndina skipuðu árið 2013:

- Guðrún Marteinsdóttir, prófessor á Verkfræði- og náttúruvísindasviði, formaður til maí 2013
- Ármann Jakobsson, prófessor á Hugvísindasviði, varaformaður og formaður frá júní 2013
- Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor á Félagsvísindasviði
- Vilhjálmur Árnason, prófessor á Hugvísindasviði varamaður vor 2013
- Snorri Þór Sigurðsson, prófessor á Verkfræði- og náttúruvísindasviði til vors 2013
- Oddur Ingólfsson, prófessor á Verkfræði- og náttúruvísindasviði haust 2013
- Steinunn Gestsdóttir, dósent á Menntavísindasviði til maí 2013
- Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor á Menntavísindasviði haust 2013
- Þórdís Kristmundsdóttir, prófessor á Heilbrigðisvísindasviði
- Erna Kristín Blöndal, doktorsnemi í lögfræði, fulltrúi stúdenta, varamaður: Tómas Hafliðason, doktorsnemi í iðnaðarverkfræði